

**553. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 5. mars
2020
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Berglind Eir Egilsdóttir (BEE).

Fundargerð ritaði: Berglind Eir Egilsdóttir, Varamaður

Oddviti býður fundarmenn velkomna og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 553 lögmætan. Þar sem ekki reyndist hægt að senda fundarboðið út á réttum tíma vegna tæknilegra örðugleika hafði oddviti samband símleiðis við alla sveitarstjórnarmenn sem gáfu munnlegt samþykki fyrir þessum frávikum.

Oddviti óskar eftir afbrigðum við dagskrá um að mál númer 2002002F og 2002003F verði tekið á dagskrá og er það samþykkt.

Dagskrá:

- 1. Fundargerðir siglingaráðs 2018-2019 - 1904097**
Samþykkt samhljóða
- 2. Fundargerðir 2020 Fjallskilaneftir - 2002228**
Samþykkt með fjórum atkvæðum. LM situr hjá.
- 6. Fundargerðir 2020 Hafnasamband - 2001111**
Samþykkt samhljóða
- 7. Fundargerðir 2020 Vestfjarðarstofu - 2003304**
Samþykkt samhljóða
- 8. Fundargerðir 2020 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 2002272**
Samþykkt samhljóða
- 9. Fundargerðir siglingaráðs 2018-2019 - 1904097**
Samþykkt samhljóða
- 10 Fundargerðir 2020 Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks -
2002202**
Samþykkt samhljóða

3. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 45 - 2001004F

Liðir 3.1 og 3.4 teknir út og afgreiddir sérstaklega.

Liður 3.1 breyting á deiliskipulagi, Norður-Botn. Samþykkt samhljóða

Liður 3.4 Vatnsveitukerfi Tálknafjarðar, útboð. LM lýsir sig vanhæfa til að fjalla um málið og vikur affundi.

Kostnaðaráætlun var 9.927.500 kr. Tvö tilboð bárust í verkið, Gröfuþjónusta Bjarna ehf á Suðureyri með 14.397.500 kr. og Allt í járnum ehf á Tálknafirði með 10.891.720 kr. Sveitarstjórn samþykkir að taka lægsta tilboði og felur byggingarfulltrúa og sveitarstjóra að ganga til samninga við Allt í járnum. Samþykkt með fjórum atkvæðum.

LM kemur inn á fundinn.

Fundargerð Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar er samþykkt samhljóða að öðru leyti.

3.1 1902432 - Breyting á deiliskipulagi - Norður botn

3.2 1911660 - Umsókn stöðuleyfi

3.3 1906405 - Fráveitukerfi Tálknafjarðar

3.4 1910499 - Vatnsveitukerfi Tálknafjarðar

3.5 2001105 - Endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu

4. Atvinnu- og hafnarnefnd - 24 - 2002002F

Liðir 4.1 og 4.6 teknir fyrir og afgreiddir sérstaklega.

Liður 4.1 gjaldskrá fyrir Tálknafjarðarhöfn samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda gjaldskrána til birtingar.

Liður 4.6 verndarfulltrúi vegna siglingaverndar er Ásgeir Jónsson og til vara er Hjörtur Sigurðsson.

Samþykkt samhljóða.

4.1 1910532 - Gjaldskrá 2020 Tálknafjarðarhöfn

4.2 2001135 - Kórónasmit og sóttvarnaráætlun

4.3 1910542 - Fjárhagsáætlun 2020 Atvinnu og hafnarnefnd

4.4 2001103 - Eftirlit með móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum

4.5 1910439 - Úttekt Samgöngustofu vegna siglingaverndar

4.6 1911683 - Verndarfulltrúi vegna siglingaverndar

4.7 1910420 - Pollurinn, styrkumsókn í Framkvæmdasjóð ferðamála

4.8 1910343 - Undanþága frá skilum tilkyninga um úrgang og farmleifar

4.9 1907029 - Röðun báta við bryggjur - erindi frá Siglingaráði

4.10 1911644 - Köfunarþjónustan ehf. stutt kynning rafrænir bæklingar

4.11 2001101 - Ósk um upplýsingar um olúgeyma

5. Fræðslu-,menningar-,íþróttar-, æskulýðsnefnd - 34 - 2002003F

Samþykkt samhljóða

2001052 - Upplýsingagjöf vegna innleiðingar laga nr. 952019 um menntun,
5.1 hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

5.2 2002168 - Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði

5.3 2001138 - Forvarnarfræðsla á Vestfjörðum 15-17.apríl

5.4 2002213 - Upplýsingagjöf skólastjóra

11 Ljósleiðaraheimtaugar í Tálknafjarðarhreppi- Gjaldskrá - 2002255

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fara ofan í samninga um ljósleiðara, síma og nettengingar hjá sveitarfélaginu og óska eftir tilboðum hjá þjónustuaðilum.

12 Umsóknir um framlög vegna eflingar tónlistarnáms - 2002218

*Sveitarstjóra er falið að að senda inn umsókn.
Samþykkt samhljóða*

13 Leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna COVID-2019 - 2002265

*Sveitarstjóra er falið að senda gögnin til hlutaðeigandi stjórnenda.
Samþykkt samhljóða*

14 Erindi til bæjarráðs Barnvæn sveitarfélög ? Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna - 2002250

*Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.
Samþykkt samhljóða*

15 Styrkur beiðni um styrk 2020 frá Sögufélagi Barðastrandasýslu - 2002183

*LM lýsir sig vanhæfa vegna setu í stjórn Sögufélagsins.
Sveitarstjórn samþykkir styrk að upphæð 60.000 kr.
Samþykkt með fjórum atkvæðum*

16 Umboðsmaður barna óskar eftir upplýsingum um stöðu ungmennaráða sveitarfélaga - 2002247

*Sveitarstjóri hefur þegar svarað erindinu.
Samþykkt samhljóða*

17 Yfirlýsing frá Tálknafjarðarhreppi - 2002257

*Erindi frá Bæjarvík um staðfestingu á fundum sveitarstjóra og sveitarstjórnar með forsvarsmönnum Bæjarvíkur á undanförunum 7 árum. Engin gögn um slíka fundi er að finna í málaskrá Tálknafjarðarhrepps og því er ekki hægt að verða við erindinu. Sveitarstjóra er falið að boða fund með sveitarstjórn og forsvarsmönnum Bæjarvíkur til að ræða málefni fyrirtækisins.
Samþykkt samhljóða*

18 Auglýst eftir sveitarfélögum til þátttöku í þátttöku í samstarfsverkefni - 2003302

*Sveitarstjórn sér sér ekki fært að taka þátt í þessu verkefni sem stendur.
Samþykkt samhljóða*

19 Drög að sorpsamþykkt eftir umræður - 2002260

*LM, BSHAR og GÓ er falið að vinna málið áfram í samstarfi við Vesturbyggð.
Samþykkt samhljóða*

20 Leitað leyfis landeiganda eða annars réttshafa, erindi til allra sveitastjórna. - 2002224

*Erindinu er hafnað
Samþykkt samhljóða*

21 Hreyfing í boði f. 60+ - 2002238

*Forstöðumanni íþróttamannvirkja falið að svara erindinu
Samþykkt samhljóða*

22 Umsókn kattahald - 2002236

Samþykkt samhljóða

23 Útboð á sorphirðu - 1910474

*LM, BSHAR og GÓ er falið að vinna málið áfram í samstarfi við Vesturbyggð. Óska þarf eftir framlengingu á núverandi sorpsamningi.
Samþykkt samhljóða*

24 Beiðni um gögn í tengslum við mat á kostnaðaráhrifum frumvarps um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs - 2003298

*Sveitarstjórn vísar málinu til vinnu við sorpmál.
Samþykkt samhljóða.*

25 Niðurstaða örútboðs á raforku - 2003307

*Tálknafljarðarhreppur hefur ákveðið að fara að tillögu Ríkiskaupa og mun tilkynning um val tilboðs verða send þjóðendum í útboðskerfinu.
Tilkynnt verður um töku tilboðs þegar biðtíma er lokið, ef engin kæra berst til kærunefndar útboðsmála. Við töku tilboða er komið á samningssamband milli kaupanda og seljanda.
Samþykkt samhljóða*

26 Tillaga til þingsályktunar, lögþvinguð sameining - 2001013

*Sveitarstjórn Tálknafljarðarhrepps leggst alfarið gegn lögfestingu íbúalágmarks í sveitarfélögum, enda hafa engin rök fyrir því komið fram sem haldi vatni. Slík lögfesting er andstæð meginmarkmiðum þeirrar stefnu í málefnum sveitarfélaga sem fram kemur í þingsályktun sem samþykkt var í janúar. Slík lögfesting er einnig andstæð lýðræðisvitund og lýðræðissjónarmiðum þar sem ákvörðunarréttur íbúa í þessum minni sveitarfélögum er ekki virtur. Sveitarstjórn Tálknafljarðarhrepps samþykkir samhljóða að taka þátt í samstarfi minni sveitarfélaga á landsvísu sem berjast gegn þessari lögfestingu.
Sveitarstjóra falið að hafa samband við bréfitara.
Samþykkt samhljóða*

27 Upplýsingagjöf Oddvita - 2001024

Sveitarstjórn samþykkir að bjóða Iceland Sea Angling hf (áður Sumarbyggð ehf) eignarhluta Tálknafljarðarhrepps í fyrirtækinu til kaups eða öðrum áhugasömum. Sveitarstjóra er falið að ganga frá málinu með endurskoðendum.

Sveitarstjóra er falið að vinna áfram varðandi ráðningu persónuverndarfulltrúa.

Sveitarstjórn skipar vinnuhóp um endurskoðun aðalskipulags, í honum eru Jenný Lára Magnadóttir, Valdimar H. Hannesson, Jón Örn Pálsson ásamt formanni byggingarnefndar, skipulagsfulltrúa, sveitarstjóra og fulltrúa sveitarstjórnar. Sveitarstjóra er falið að kalla hópinn saman við fyrsta tækifæri.

Ákveðið er að halda aprílfund sveitarstjórnar þann 2.apríl vegna páska.

Samþykkt samhljóða

- 28 Ritun umsagna til Alþingis - 2002245
.
- 29 Til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 762003, með síðari breytingum (fæðingarstaður og sveitarfélag fyrsta lögheimilis barns), 119. mál - 2002192
.
- 30 Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði - 2002168
.
- 31 Geymsla á eldishingjum í Tálknafirði - 2002240
.
- 32 Yfirlýsing um að hafnaraðstaða uppfylli kröfur um siglingavernd - 2002243
.
- 33 Íslensku menntaverðlaunin - 2003283
.
- 34 Fjárfestingar 2019 - 2002205
.
- 35 Úttekt á brunaviðvörðunarkerfi íþróttahúsi - 2002158
.
- 36 Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 311. mál. - 2002275
.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:15.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Berglind Eir Egilsdóttir (BEE)